

**8. Gildistaka o.fl.**

Reglur þessar sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/1986, taka gildi 17. janúar 1997. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1994.

Reykjavík, 16. janúar 1997.  
*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

14. janúar 1997

Nr. 39

**REGLUGERÐ****um holræsagjald í Ísafjarðarbæ.****1. gr.**

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í bæjarfélaginu við opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlega holræsagjald til bæjar-sjóðs Ísafjarðarbæjar.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,16% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,16% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka allt að 50% án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

**2. gr.**

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

**3. gr.**

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún nr. 98/1974, sbr. reglugerð nr. 102/1979, reglugerð um holræsi fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 372/1973, sbr. reglugerð nr. 335/1975, og reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súganda-firði, nr. 100/1977.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. janúar 1997.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*